

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi.

## 1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi nr. 1101/2005.

## 2. gr.

Gjaldið er sem hér segir:	kr.
Sorphreinsigjald á íbúðarhús á ári	19.900
Sorpeyðingargjald á íbúðarhús á ári	20.900
Tunnuleiga, á tunnu á ári	600
Flutningur á tunnu (fyrsta tunna án gjalds, hver ferð)	2.200
Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótar-pokaæiningartunnu á ári	19.900
Atvinnuhúsnæði fyrir hvern poka á ári	43.000

## 3. gr.

Fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi og koma með sorp á flokkunarstöð sveitarfélagsins í Þorlákshöfn skulu greiða móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt magni.

Flokkur A (efni með úrvinnslugjald og önnur efni sem ekki hafa kostnað í för með sér) 0 kr. eða gjaldfrjálst.

Rúlluplast kr./m <sup>3</sup>	0
Hjólbarðar kr./m <sup>3</sup>	0
Spilliefni kr./m <sup>3</sup>	0
Fernur kr./m <sup>3</sup>	0
Skilagjaldskyldar umbúðir kr./m <sup>3</sup>	0
Föt kr./m <sup>3</sup>	0
Flokkur B (endurvinnanlegt efni) kr./kg	14
Flokkur B (endurvinnanlegt efni) kr./m <sup>3</sup>	3.100
Málmar	3.300
Pappír	0
Timbur	3.300
Garðaúrgangur	3.300
Veiðarfæri	3.300
Kaðlar	3.300
Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur) kr./kg	26
Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur) kr./m <sup>3</sup>	6.000
Heimilisúrgangur	6.000
Rekstrarúrgangur	6.000
Byggingarúrgangur	6.000

## 4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss er sett með heimild í 5. mgr. 25 gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1260/2017.

*Þorlákshöfn, 17. desember 2018.*

**Elliði Vignisson** bæjarstjóri.